

Fundargerð 99. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á teams, 7. október 2024, kl. 13:00

Dagskrá:

1. **Drög að samningum um sóknaráætlanir landshluta**
2. **Drög að skiptareglu fjármagns til sóknaráætlana landshluta**
3. **Skýrsla ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar 2024 – upplýsingasöfnun**
4. **Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar (aðgerð A.16 á byggðaáætlun)**
5. **Fundir framundan – landshlutasamtök sveitarfélaga og NORA**
6. **Önnur mál**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Ásta Bjarnadóttir (FOR), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Sigurður Steingrímsson (HVIN), Valgerður Rún Benediksdóttir (Sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN), Albertína F. Elíasdóttir (landshlutasamtökunum, mætti kl. 13:05), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun, mætti 13:10) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN).

Formaður setti fundinn og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Drög að samningum um sóknaráætlanir landshluta.

Formaður kynnti drögin sem höfðu verið send hópnum fyrir fundinn. Engar athugasemdir komu fram við drögumum, en stefnt er að því að samningarnir verði undirritaðir í lok október.

2. Drög að skiptareglu fjármagns til sóknaráætlana landshluta.

Formaður skýrði stöðu málsins og að sérfræðingur á Byggðastofnun hafi komið að vinnu við ný viðmið skiptareglu og sýndi tillögu að skiptareglunni og útskýrði breytingarnar. Nokkrar umræður urðu um þennan lið. Minnisblað með tillögum verður lagt fyrri ráðherra.

3. Skýrsla ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar 2024 – upplýsingasöfnun

Formaður sagði frá fyrirkomulagi við gerð árlegrar skýrslu ráðherra til Alþingis um framvindu byggðaáætlunar. Hún mun á næstunni senda póst til tengiliða allra aðgerða og óska eftir upplýsingum um stöðu einstakra verkefna. Stefnt er að því að leggja skýrsluna fyrir á Alþingi í janúar.

4. Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar (aðgerð A.16 á byggðaáætlun)

Þorkell Stefánsson hjá Byggðastofnun kynnti aðgerð við greiningu á heildarkostnaði einstaklinga við að sækja þjónustu um lengri veg. Mikill umræða var um þennan lið.

5. Fundir framundan – landshlutasamtök sveitarfélaga og NORA

Verkefnisstjóri kynnti stöðuna. Búið er að setja niður fjóra fundi af átta, með SSNE 21. okt., FV 23. okt., SSA 25. nóv. og SASS 13. des., allt teamsfundir. Ekki hefur enn tekist að finna tímasetningu fyrir staðfundi vegna anna landshlutasamtakanna og fjarveru formanns í okt.-nóv. Jafnframt skýrði verkefnisstjóri frá heimsókn

fulltrúa NORA (Norræna Atlantssamstarfsins) til Íslands í tengslum við Arctic Circle og fundi sem búið er að skipuleggja með þeim, meðal annars í innviðaráðuneytinu. Þetta eru upplýsingafundir þar sem starfsemi NORA verður kynnt. Óskað er eftir að fulltrúar stýrihópsins sækji fundinn í innviðaráðuneytinu þann 17. október n.k.

Fundur stýrihópsins sem áætlaður hafði verið 4. nóvember fellur niður. Næsti fasti fundur stýrihópsins verður 2. desember.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:58